

EFTIRLITSSKÝRSLA

Húnaþing vestra Syðri Kárastaðir, nærri Hvammstanga



| | | | |
|---------------------|-----------------------|------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits | 21.6.2012 | Fulltrúi UST | Sigrún Guðmundsdóttir |
| Fyrirtæki | Húnaþing vestra | Fulltrúi UST | |
| Heimili | Hvammstangabraut 5 | Tegund eftirlits | reglubundið |
| Kennitala | 540598-2829 | Flokkur | Úrgangur |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón Loftur Ingólfsson | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 408728,569 549136,39 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Úrbóta er þörf við meðhöndlun úrgangs á urðunarsvæðinu. Gerð er ein athugasemd og 7 frávik staðfest. Athugasemdin varðar urðun sláturúrgangs á svæðinu, Frávikin varða að hreinsibúnaður fyrir sigvatn er ekki fyrir hendi, mælingar á vatni af staðnum eru ónógar, framkvæmd urðunar sláturúrgangs er ekki ásættanleg sem og meðferð spilliefna og aðgengi að urðunarstaðnum hefur ekki verið takmarkað nægilega. Að síðustu hafa kröfur um botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma ekki verið uppfylltar. Í bréfi dags. 31.8.2011 óskar rekstraraðili eftir undanþágu frá botnpéttingu og söfnun sigvatns. Einungis er heimilt að veita slíkar undanþágur í starfsleyfi og er endurnýjun starfsleyfis því nauðsynleg. Við vinnslu nýs starfsleyfis er síðan mögulegt að taka mið af óskum rekstraraðila um að starfrækja geymsluport á urðunarstaðnum.

Rekstraraðili hefur fengið tímabundna undanþágu frá söfnun hauqqass.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ýmsa starfshætti á urðunarstaðnum með umsjónarmanni hans. Aðallega voru ákvæði úr löggjöf og starfsleyfi er varða sláturúrgang rædd, sem og verklegir þættir urðunar hans. Geymsla úrgangs og úrvinnsla ökutækja var einnig rædd. Ekki tókst að halda fund með fulltrúum Húnaþings vestra vegna sumarfría en ákvæðið hefur verið að fundur verði haldinn í lok ágúst nk. ásamt umsjónarmanni staðarins. Þá fór fram skoðun á urðunarstað.

Frávik frá

Ákvæði 2.7 í starfsleyfi, þar sem kveðið er á um hreinsun á sigvatni. Sjá einnig ákv.4.1. um að kappkosta skuli við að draga úr umhverfisálagi vegna sigvatns

Lýsing á fráviki

Pollar og lækur/sitrur liggja útfrá urðuðum sláturúrgangi. Aðgengi fugla og e.t.v. fleiri dýra er óhindrað að þessu en hreinsibúnaður ekki fyrir hendi. Flugnager var m.a. á fljótandi úrgangi í vökvanum og gróður víða iðagrænn umhverfis (lækur/sitrur í urðunarrein) sem bendir til þess að næringarefni séu ríkulega fyrir hendi.

Ákv. 2.8 í starfsleyfi. Mæla skal rennsli, pH, hitastig og leiðni mánaðarlega o.fl. Sjá einnig ákv. 3.1 og 3.6 um skil niðurstaðna til Umhverfisstofnunar.

Mælipættir og tíðni mælinga á vatni frá urðun er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þar um. Nýjustu mælingar sem Umhverfisstofnun hefur undir höndum eru frá október 2009.

Ákv. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal kappkosta að draga úr umhverfisálagi og tryggja að meðferð úrgangs valdi ekki óþrífnaði ólykt o.fl.

Veruleg ýldulykt, flugnager og uppgrafinn eldri sláturúrgangur (bein með vefjaleifum) á urðunarsvæði fyrir sláturúrgang, gefa til kynna að ekki hafi verið kappkostað við sóttvarnir og að draga úr umhverfisálagi á staðnum.

Ákvæðum 1.2 og 2.2 í starfsleyfi. Aðeins er gert ráð fyrir að spilliefni berist á staðinn fyrir vangá eða þ.h. og sérstakar mengunarvarnir vegna úrvinnslu bíla o.s. frv. því ekki fyrirskrifaðar í starfsleyfi

Á svæðinu var talsvert af spilliefnum, rafgeymar og vélaróla. Rafgeymar voru einnig á staðnum við síðasta eftirlit og í svari rekstraraðila dags. 31.8. 2011 var áætlað að fjarlægja spilliefni o.fl.

Ákv. 4.3, en samkvæmt því skal aðgangur að urðunarstaðnum takmarkaður og hlið lokuð nema þegar starfsemi fer fram.

Hlið var opið við komu á staðinn, en starfsemi ekki í gangi á svæðinu. Sauðfé var innan girðingar urðunarsvæðisins

Þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en samkvæmt honum skal vernda jarðveg, grunn- og yfirborðsvatn með jarðfræðilegum tálma og botnpéttingu.

Kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. Á þetta var einnig bent í síðasta eftirliti. Samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 2.3.2012 skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi vegna þessa.

Ákv. 2.4. Daglega skal þekja allan úrgang sem meindýr sækja í

Sláturúrgangssekkir voru ekki nægilega vel þaktir og eldri sláturúrgangur lá á yfirborði á urðunarstaðnum.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við meðhöndlun sláturúrgangs á urðunarsvæðinu og telur verulegra úrbóta þörf. Grafið hefur verið í eldri sláturúrgang og lá slíkur úrgangur á yfirborði á urðunarsvæðinu. Nýlegur sláturúrgangur var einnig sjáanlegur og stórsekkir með sláturúrgangi ekki þaktir. Í ákvæði 2.1 í starfsleyfi er gerð krafa um að rekstraraðili setji móttökuskilyrði fyrir sláturúrgang sem tekinn er til urðunar og að þessi skilyrði skuli vera í samræmi við fyrirliggjandi leiðbeiningar um meðhöndlun sláturúrgangs. Leit að slíkum leiðbeiningum bar ekki árangur og móttökuskilyrði fyrir sláturúrgang hafa ekki verið útbúin. Mikilvægt er að leiðbeiningar um meðhöndlun sláturúrgangs séu aðgengilegar, móttökuskilyrði sett og starfshættir við urðun sláturúrgangs yfirfarnir. Nokkrar kindur voru innan girðingar urðunarsvæðisins. Mikilvægt er að sjá til þess að sauðfé eigi ekki undir nokkrum kringumstæðum aðgang að urðunarsvæðinu. Þá er mikilvægt að önnur dýr eins og fuglar hafi ekki aðgang að æti og að örverumengun verði hamin eins og kostur er. Hlið var opið við aðkomu á svæðinu, en að sumarlagi er ekki ólíklegt að sauðfé fari þá leið inná svæðið. Umsjónarmaður kvaðst hafa farið þennan sama morgun að aðgæta hvort sauðfé hefði komist inn á staðinn og að endurbætur á girðingum væru í burðarliðnum.

ANNAÐ

Hvað hauggassöfnun varðar hefur rekstraraðili fengið undanþágu frá umhverfisráðuneyti. Honum ber samkvæmt henni að ákveða fyrir 15. febrúar 2013, hvort tekið verði við lífrænum úrgangi til urðunar eftir 16. júlí 2013. Sé áframhaldandi urðun fyrirhuguð, skal senda Umhverfisstofnun framkvæmdaáætlun um söfnun hauggass, einnig f. 15.2.2013.

Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd við starfrækslu geymsluports á svæðinu, enda ekki gert ráð fyrir slíku í starfsleyfi. Rekstraraðili telur nauðsynlegt að reka slíkt port á staðnum (sjá erindi dags.31.8.2011) og er geymsluport enn á svæðinu. Við vinnslu nýs starfsleyfis verður tekin afstaða til þessa og viðhlítandi mengunarvarnir ákvarðaðar.

Reykjavík, 08.08.2012



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.